

Iceland Resources ehf.
Þórdís Björk Sigurbjörnsdóttir, forstjóri
Sundaborg 5
104 Reykjavík

Mosfellsbæ, 9. ágúst 2021
Erindi 202108139/- jbh

Efni: Beiðni um frekari gögn vegna rannsóknarborana í Þormóðsdal

Með vísan til reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012 er hér með af hálfu Mosfellsbæjar óskað eftir ítarlegri gögnum um fyrirhugaða rannsókn í Þormóðsdal frá fyrirtækinu Iceland Resources. Samkvæmt gögnum sem fylgja nýútgefnu starfsleyfi heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis kemur fram að áætlað er að bora á nokkuð víðfeðmu svæði kringum Seljadalsá og Búrfelli eða alls um 4000 m. Mikilvægt er að ekki verði um rask eða óafturkræfar framkvæmdir að ræða þar sem hér er eitt af vinsælli útivistarsvæðum Mosfellsbæjar að ræða í næsta nágrenni Hafravatns.

Af hálfu Mosfellsbæjar er þó nokkrum spurningum ósvarað til þess að hægt sé að skera úr um hvort framkvæmdin þarfnist framkvæmdaleyfis, en slíkt mat er hlutverk leyfisveitanda sbr. 3. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 772/2012. Er því óskað eftir að fyrirtækið leggi fram gögn um staðsetningu borana, lýsingu á framkvæmdinni, umfangi, áætlað rask á svæðinu s.s. borplön, framkvæmdartíma og annað því tengt.

Er því farið fram á að fyrirtækið leggi fram umbeðin gögn og bíði niðurstöðu fastanefnda og bæjarstjórnar sveitarfélagsins um framkvæmdaleyfi áður en hafist er handa við rannsóknarboranir. Gögn skulu berast í yfirstandandi viku.

Virðingarfyllst,



Kristinn Pálsson,
Skipulagsfulltrúi



Tómas G. Gíslason,
Umhverfisstjóri

